

Lög

Nr. 15

8. sept.

um

almenna dýrtíðarhjálp.

Vjer Christian hinu Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. sept. 1918 til 1. sept. 1919 veitist sveitar- og bæjarfjelögum heimild til að verja úr sveitar- eða bæjarsjóði, án samþykkis sýslunefndar, auk venjulegra útgjalda, upphæð, er þó ekki nemi meiru en 15 kr. á hvern mann í sveitarfjelinu, til þess að afstýra verulegri neyð, að dómi sveitarstjórnar, af dýrtíð og matvælaskorti. Fje þessu má verja til kaupa á matvæðum, eldsneyti og öðrum nauðsynjavörum, eða til niðurfærslu á verði á þessum vörum.

2. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, ef því verður við komið, fyrir 1. nóvember 1918 senda stjórnarráðinu skýrslu um, hve miklu fje þær hafi ákveðið að verja til dýrtíðarráðstafana samkvæmt 1. gr, og til hvers því skuli varið, og skal leita samþykkis stjórnarráðsins á tillögum þessum.

3. gr.

Ef sveitarfjelög og bæjarfjelög hafa varið til dýrtíðarráðstafana samkv. 1. gr. 15 kr. á mann, enda hafi þeirri upphæð verið jafnað niður á hreppsþúá að $\frac{2}{3}$ hlutum, sbr. þó 5. gr, skal endurgreiða hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfjelinu.

Nr. 15 úr landssjóði $\frac{1}{8}$ hluta, er stjórnarráðið hefir úrskurðað reikning hreppsnefndar 8. sept. yfir matvæli þau, eldsneyti o. s. frv., er keypt hafa verið fyrir hreppinn eða varið hefir verið til niðurfærslu á vöruverði samkv. 1. gr., og skal reikningur þessi endursendur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, og fylgi síðan sveitar sjóðsreikningi hreppsins eða bæjarins. Þó er landsstjórninni heimilt, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, að greiða fyrir fram nokkurn hluta af fje því, er úr landssjóði ber að greiða.

4. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu semja reglur um úthlutun á nauðsynjavörum þeim, er keyptar hafa verið samkvæmt lögum þessum, eða um niðurfærslu á vöruverði samkvæmt 1. gr., og leggja reglur þessar undir samþykki stjórnarráðsins. Ef nauðsynjavörur eru eingöngu keyptar, þá skal úthluta þeim til þeirra, er við erfiðust kjör eiga að búa í hreppnum eða bæjarfjelinu, en ef fjenu er varið til niðurfærslu á vöruverði, þá skal hafa mismunandi verð á vörunum, eftir efnahag kaupanda, þannig að hinir allra efnaminstu, sem þó ekki þiggja af sveit, fái sinn hluta af vörunum fyrir alls ekki neitt, enda skoðast hjálp samkvæmt lögum þessum ekki sveitarstyrkur.

5. gr.

Hreppsnefndum er heimilt til framkvæmdar lögum þessum að jafna niður hærri útsvörum, án þess að leita þurfi samþykkis sýslunefndar samkv. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna. Sje ástandið í einhverjum hreppi svo örðugt, að ekki sje hægt að ná inn með niðurfjöfnun upphæð þeirri, sem sveitin þarf að leggja fram samkvæmt lögum þessum, til þess að geta orðið landssjóðsstyrksins aðnjótandi, má, þegar slíkar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, veita hreppnum lán úr landsjóði, og heimilast landsstjórninni að veita sveitarstjórnnum í þessu skyni alls alt að 100 þúsund króna lán með venjulegum bankakjörum.

6. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt, frá þeim tíma er lög þessi koma í gildi og til 1. september 1919, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta í beinar þarfir framleiðslunnar, og til kaupa á afurðum af dýrtíðarvinnu bæjar- eða sveitarfjelaga, svo sem efni til undirbúnings stórhýsa, er sýnilega þarf að reisa innan skamms, vega, brúa og hafnargerða. Efni þetta skal metið til verðs af óvilhöllum mönnum, er dómkvaddir skulu þar, sem stjórnarráðið ákveður.

7. gr.

Nr. 15

8. sept.

Til framkvæmdar þessum lögum heimilast landsstjórninni lántaka, svo
sem þörf krefur.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skulu þá jafnframt falla úr gildi
lög nr. 25, 29. sept. 1917, um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Skagen, 8. september 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Sig. Eggerz.